

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/838/EB frá 7. nóvember 2001 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna akrýlaldehyðs, dímetýlsúlfats, nónýlfenóls, 4-nónýlfenóls (greinótt) og tert-bútýlmetýletra ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/18/EB frá 22. febrúar 2002 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu ísóprótúroni ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE):

„- **32002 L 0018:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/18/EB frá 22. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 55, 26.2.2002, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 319, 4.12.2001, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 55, 26.2.2002, bls. 29.

2. Undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ komi eftirfarandi liður aftan við 20. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/194/EB):

„21. **32001 H 0838:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/838/EB frá 7. nóvember 2001 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna akrýlaldehyðs, dímetýlsúlfats, nónýlfenóls, 4-nónýlfenóls (greinótt) og tert-bútýlmetýletra (Stjtið. EB L 319, 4.12.2001, bls. 30).“

2. gr.

Texti tilmæla 2001/838/EB og tilskipunar 2002/18/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.